

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 53/2012

2012/EES/43/20

frá 30. mars 2012

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) IX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/578/ESB frá 28. september 2010 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Japans jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 31eb (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009) í IX. viðauka við samninginn:

„31ec. **32010 D 0578**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/578/ESB frá 28. september 2010 um viðurkenningu á að laga- og eftirlitsrammi Japans jafngildi kröfunum í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1060/2009 um lánsþæfismatsfyrirtæki (Stjtið. ESB L 254, 29.9.2010, bls. 46).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/578/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 31. mars 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistöku ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2012 frá 10. febrúar 2012 ⁽³⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. mars 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 161, 21.6.2012, bls. 26, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 34, 21.6.2012, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 254, 29.9.2010, bls. 46.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽³⁾ Sjá 1. neðanmálsgrein.

Sameiginleg yfirlýsing samningsaðila

**vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 53/2012 frá 30. mars 2012
um að fella inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/578/ESB**

„Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/578/ESB frá 28. september 2010 fjallar um jafngildi krafna sem gilda gagnvart ríkjum utan Evrópusambandsins. Þessi ákvörðun er felld inn í EES-samninginn með fyrirvara um gildissvið samningsins.“